**Fjölskylduráðsfundur 9.nóv.2018.**
**Fyrirspurn Bæjarlistans dagsett 8.nóvember 2018.**

Í október 2017 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar að kaupa fasteignina Suðurgötu 14, Skattstofuna, af ríkinu til að koma til móts við aukna húsnæðisþörf fyrir úrræði á vegum Fjölskylduþjónustunnar, svo sem Geitungana, vinnustað fatlaðs fólks og Vinaskjól, lengda viðveru framhaldsskólanemenda, auk þess sem færi gæfist á annarri starfsemi eftir því sem húsið rúmar, svo sem fjölmenningar- og ungmennastarf. Litið var á það sem góðan kost að blönduð starfsemi ætti sér stað í húsinu.
Aukið rými fyrir umrædd úrræði gaf einnig kost á að taka við notendum frá öðrum sveitarfélögum og styrkja þannig rekstrargrundvöll þessarar starfsemi og mæta sveiflum í nýtingu innanbæjar.
Um sama leyti og þjónustan flutti í Suðurgötu 14 átti sér stað umtalsverð fjölgun notenda hjá Geitungum, í tengslum við lokun í Fannborg í Kópavogi, sem stóð til að setja í aðkeypta þjónustu hjá Ás, en þessi aukning var meðal ástæðna þess að gengið var til kaupa á húsnæði Skattstofunnar. Þátttaka í Vinaskjóli hefur einnig aukist. Kletturinn, lengd viðvera fyrir fatlaða grunnskólanemendur hefur einnig flutt á Suðurgötu 14, en það úrræði var á miklu flakki áður.
1. október 2018 tóku gildi ný lög um félagsþjónustu sveitarfélaga og lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, þar sem grunnþjónusta sveitarfélaga er skilgreind og lögfest. Í ljósi þeirrar breytingar er fyrirsjáanlegt að þörf fyrir úrræði fyrir fatlað fólk, af því tagi sem starfrækt eru að Suðurgötu 14, aukist í samræmi við auknar lagaskyldur sveitarfélagsins til að mæta þörfum fatlara íbúa.
Í ljósi ofangreinds fer áheyrnarfulltrúi Bæjarlistans í Fjölskylduráði fram á að tekið verði saman yfirlit yfir eftirfarandi:
-Nýtingu þeirra úrræða Fjölskylduþjónustu sem flutt hafa í húsnæði Skattstofunnar, annars vegar fyrir flutning og hins vegar þróun nýtingar eftir flutningana.
-Fyrirliggjandi biðlista, ef einhverjir eru, eftir þjónustu í úrræðunum, hverju fyrir sig.
-Framtíðarsýn og fyrirhugaðar þjónustuþarfir í sveitarfélaginu í tengslum við breytta löggjöf.
-Núverandi húsnæðisnýtingu, sem og möguleika til stækkunar innanhúss, ef einhver er.
-Samgang við aðra starfsemi í húsinu og mögulega samlegð með gagnkvæmum tækifærum, t.d. hvað varðar væntanlegt Ungmennahús í Skattstofuhúsinu.
Þjónusta við fatlað fólk er eðli málsins samkvæmt viðkvæm hvað varðar breytingar, flutninga þjónustu og myndun biðlista sem hamla því að fólk fái viðunandi þjónustu og njóti jafnræðis. Því er mikilvægt að það aukna svigrúm til framtíðar litið sem fékkst með flutningi úrræða Fjölskylduþjónustu í húsnæði Skattstofunnar nýtist í þágu stöðugleika og öflugs starfs til framtíðar.

**Hulda Sólveig Jóhannsdóttir**